

# Landskjörstjórn og ný kosningalög nr. 112/2021

Kynningarfundur landskjörstjórnar, sambands íslenskra sveitarfélaga og  
dómsmálaráðuneytisins

24. mars 2022

# Kynningarfundir – sveitarfélög og yfirkjörstjórnir

24. mars

- Landskjörstjórn
- Kosningalög nr. 112/2021
- Helstu nýmæli
- Spurningar

31. mars

- Gestir: Þjóðskrá Íslands
- Spurningar og athugasemdir

# Aðdragandi kosningalaga

- Komið á móts við ákall um endurskoðun kosningalöggjafar
- Skýr þörf á breytingum eftir tíðar kosningar, margt þótti vanta í lög og annað gamaldags.
- Ábendingar frá ÖSE, úrlausnir Hæstaréttar og álit umboðsmanns Alþingis
- Vinna starfshóps sem starfaði 2014 -2016 beindist að samræmdum lagabótum á lögum um kosningar til Alþingis. Skilaði skýrslu haustið 2016 sem var lagt fram til kynningar á Alþingi.
- Starfshóp 2018-2020 var falið að fara yfir einstakar tillögur fyrri starfshóps og gera tillögur að frumvarpi til nýrrar heildarlöggjafar um kosningar.

# Markmið frumvarps til kosningalaga

---

Styrkja lýðræði með því að viðhalda trausti á framkvæmd kosninga.

---

Sameining fjögurra lagabálka með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi.

---

Taka til greina ábendingar ÖSE, landskjörstjórnar, kjörbréfanefndar og annarra hagsmynaðila um það sem betur mætti fara í kosningaframkvæmd.

---

Skapa skilyrði til að þróa kosningaframkvæmd og sinna fræðslu og rannsóknum.

# Meginbreytingar

## Breytt stjórnsýsla

Landskjörstjórn: miðlægt og breytt hlutverk:

- Efla, samhæfa og þróa framkvæmd kosninga
- Auka fræðslu og leiðbeiningar
- Skýrt yfirstjórnar- og samræmingarhlutverk fengið einum aðila (stofnanaminni)
- Sjálfstætt stjórnvald án hefðbundinna yfirstjórnunarheimilda ráðherra.
- <https://www.stjornarradid.is/verkefni/kosningar/sveitarstjornarkosningar-2022/framkvaemd-kosninga/landskjorstjorn/>

Úrskurðarnefnd kosningamála

- <https://www.stjornarradid.is/verkefni/kosningar/sveitarstjornarkosningar-2022/framkvaemd-kosninga/urskurdarnefnd-kosningamala/>

## Einföldun regluverks

- Ein kosningalöggjöf í stað fjögurra áður.
- Einfaldari og nútímalegri löggjöf um framkvæmd kosninga.
- Fleiri reglugerðarheimildir.

# Hlutverk landskjörstjórnar

- Birta auglýsingar um undirbúning, framkvæmd og tímasetningu kosninga.
- Útbúa kjörgögn.
- Veita almenningi, frambjóðendum, fjölmiðlum, kjörstjórnnum og öðrum sem annast framkvæmd kosninga upplýsingar, fræðslu og leiðbeiningar.
- Hafa samvinnu og samráð við viðeigandi aðila, félagasamtök og stofnanir við undirbúning og framkvæmd kosninga.
- Birta niðurstöður kosninga opinberlega.
- Stuðla að kosningarannsóknum og framþróun kosningaframkvæmdar.
- Veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum ráðgjöf um kosningar og gera tillögur til ráðherra um útgáfu reglugerða um nánari framkvæmd einstakra ákvæða laga þessara.
- Taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði kosningamála.
- Vinna önnur verkefni sem tengjast stjórnsýslu kosninga samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, kosningalaga nr. 112/2021 eða annarra laga.

# LANDSKJÖRSTJÓRN

- kosning.is
- landskjorstjorn.is
- landskjur.is



Aðsetur í Reykjavík



Framkvæmdastjóri  
Ástríður Jóhannesdóttir



Netfang: [postur@lks.is](mailto:postur@lks.is)

# Tímalína kosninga

## Sveitarstjórnarkosningar 2022

Tímalína kosninganna sbr. [kosningalög nr. 112/2021](#)



Kjördagur



LANDSKJÖRSTJÓRN

# Nýmæli kosningalaga

## Breytt stjórnsýsla

- Landskjörstjórn
- Úrskurðarnefnd um kosningamál

## Einföldun regluverks

- Sambærilegar reglur óháð tegund kosninga
- Fjöldi reglu- og reglugerðarheimilda

## Hlutverkaskipan

- Landskjörstjórn
- Þjóðskrá Íslands
- Kjörstjórnir
- Ráðuneyti

# Kosningaréttur og kjörgengi

## Kosningaréttur:

Norrænir ríkisborgarar öðlast kosningarrétt og kjörgengi þegar þeir skrá búsetu í sveitarfélagi.


Aðrir erlendir ríkisborgarar öðlast kosningarrétt og kjörgengi eftir þriggja ára samfellda búsetu á Íslandi, að öðrum skilyrðum um kosningarétt uppfylltum, sbr. 4. gr. kosningalaga.

Íslenskir námsmenn á Norðurlöndum sækja um til Þjóðskrár Íslands.

## Kjörgengi

Skilyrði um lögræði fyrir kjörgengi, hefur verið fellt brott.

Kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélagi og hefur óflekkað mannorð, sbr. 6. gr. kosningalaga.



# Kjörskrá

Reglugerð um aðgang  
að og birting upplýsinga  
úr kjörskrá

## Þjóðskrá Íslands

Miðlæg vinnsla kjörskrár.  
Afhentar með rafrænum hætti.  
Auglýsir hvenær og hvernig þær verða aðgengilegar.  
Gerir leiðréttingar á kjörskrá og tilkynnir sveitarfélögum.  
Leiðbeiningar um hvernig leiðréttingar skuli færðar á prentuð  
kjörskráreintök sveitarstjórna.

## Sveitarfélög

Prentun  
Færa inn breytingar á kjörskrár eintök. Óheimilt að gera aðrar  
leiðréttingar en þær sem Þjóðskrá Íslands heimilar.

## Úrskurðarnefnd kosningamála

Synjun Þjóðskrár Ísland um að taka kjósenda á kjörskrá  
Synjun Þjóðskrár Íslands um leiðréttingu á kjörskrá

# Atkvæðagreiðsla

## Utan kjörfundar

- Skal hefjast eigi síðar en 29 dögum fyrir kjördag.
- Skal standa til kl. 17 á kjördag en erlendis skal henni ljúka daginn fyrir kjördag.
- Atkvæðagreiðsla má ekki fara fram á heimili frambjóðanda.
- Kjörstjórar auglýsa hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram.

## Á kjörfundi

- Kjörstaðir opnir frá kl. 9 – 22.

# Aðstoð við atkvæðagreiðslu

- Öllum sem þess þurfa er heimilt að fá aðstoð við kosningu hvort sem er vegna fötlunar, veikinda, elli eða af öðrum ástæðum.
- Aðstoð skal veitt af kjörstjóra eða aðstoðarmanni sem fylgir kjósenda á kjörstað.
- Aðeins má veita aðstoð ef kjósandi getur sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði.
- Aðstoðarmanni kjósenda er skylt að fara að fyrirmælum kjósenda og hann er bundinn þagnarskyldu um það sem honum og kjósenda fer á milli í kjörklefanum.
- Frambjóðandi, maki hans, börn, systkini og foreldrar mega ekki veita aðstoð við atkvæðagreiðslu.
- Aðstoðarmanni kjósenda er óheimilt að gerast aðstoðarmaður fleiri en þriggja kjósenda við sömu kosningu.

# Framboð

Yfirkjörstjórn sveitarfélags úrskurðar um kjörgengi frambjóðenda í sveitarstjórnarkosningum.

Úrskurði hennar má skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála sem skal úrskurða eins fljótt og verða má og eigi síðar en sjö dögum frá því að kæra berst.

Hverjum framboðslista skal fylgja staðfesting á skráðu heiti og listabókstaf nýrra stjórnmalasamtaka.

Um skil á framboðslistum og söfnun meðmælenda hefur verið sett reglugerð. Nýmæli er t.d. að frambjóðandi má ekki vera meðmælandi og kjörstjórnarfulltrúar geta ekki mælt með lista.

Yfirlýsing frambjóðanda getur verið með rafrænni undirskrift. Tilkynning um framboð getur líka verið undirrituð rafrænt eða eigin hendi.

Oddviti framboðslista tilkynnir hverjir séu umboðsmenn hans og þarf samþykki þeirra að fylgja. Tilkynna skal um aðstoðarmenn umboðsmanna. Yfirkjörstjórn sveitarfélags útbýr sérstök skilríki fyrir umboðsmenn og aðstoðarmenn, samkvæmt nánari fyrirmælum landskjörstjórnar. Skilríki þessi skulu umboðsmenn bera við athafnir sínar samkvæmt lögum þessum.

Umboðsmenn eiga rétt á að vera viðstaddir undirbúning talningar, svo sem þegar tekið er á mótí atkvæðakössum og þeir opnaðir, þegar tekið er á mótí öðrum kjörgögnum eða við flokkun atkvæða.

# Hæfisreglur

Strangari hæfisreglur en í 20. gr. sveitarstjórnarlaga

Hæfi kjörstjórnarmanna, 18. gr.

Kjörstjórnarmaður skal víkja úr kjörstjórn ef einstaklingur er í kjöri sem er eða hefur verið maki hans, sambúðarmaki, fyrrverandi sambúðarmaki eða skyldur eða mægður honum í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti vegna ættleiðingar. Í eldri lögunum skyldi hann einungis víkja sæti ef til úrskurðar væri mál er varðaði maka hans eða þann sem væri skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti vegna ættleiðingar.

Aðstoð, lagagrein, 89. gr.

Frambjóðandi, maki hans, börn, systkini og foreldrar mega ekki veita aðstoð við atkvæðagreiðslu.

# Ýmis ákvæði

## Varamenn í kjörstjórn

Varamenn taka sæti í kjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar en annars eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir eða skipaðir. Ef kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð boðar oddviti kjörstjórnarmenn í þeirra stað eftir tillögu þeirra samtaka sem kusu þá, þar til hún er fullskipuð. Annars boðar kjörstjórn sjálf þann eða þá sem þarf til þess að talan verði fyllt.

## Kjörseðill

Nýtt ákvæði um að merkja skuli í ferning fyrir bókstaf á atkvæðaseðli. Í eldri lögum var ekki gert ráð fyrir ferningi. Sett verður reglugerð um kjörgögn.

## Vægi útstrikana/breytinga á röð frambjóðenda.

Með tilkomu nýju kosningalaganna gilda sömu reglur um áhrif breytinga kjósanda á framboðslista í alþingiskosningum og sveitarstjórnarkosningum.

## Kostnaður

Nýmæli í 139. gr. Um að kostnaður við sveitarstjórnarkosningar, þ.m.t. kostnaður við kjörgögn og áhöld er landskjörstjórn lætur í té og vegna þeirra verkefna sem Þjóðskrá Íslands fer með, greiðist af sveitarfélögum.

# Reglugerðir & reglur

1. Reglugerð um framboð og meðmæli við sveitarstjórnarkosningar nr. 330/2022.
2. Reglugerð um aðgang að og birtingu upplýsinga úr kjörskrá.
3. Reglugerð um kjörgögn og atkvæðakassa o.fl. við kosningar.
4. Reglugerð um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu á stofnunum og í heimahúsum.
5. Reglugerð um talningu atkvæða.
6. Reglugerð um aðstoð við atkvæðagreiðslu.
7. Reglugerð um mat á gildi atkvæðaseðla
8. Reglur um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar.
9. Reglur um tilhögun í kjörfundarstofu.
10. Aðrar leiðbeiningar gefnar út af landskjörstjórn og Þjóðskrá Íslands.

# Minnum á



Næsti fundur:  
fimmtudaginn  
31. mars kl. 12 - 13



Kosningavefurinn,  
[kosning.is](https://kosning.is)



Fyrirspurnir og ábendingar  
[postur@lks.is](mailto:postur@lks.is)

# Spurningar